



Borgarráð

### **Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Facebook síður Reykjavíkurborgar**

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Hefur Reykjavíkurborg sett einhverjar reglur vegna fésbókarsíðna sem eru í eigu borgarinnar? Fjöldi skóla- og leikskóla er með slíkar síður, fara fram einhver samskipti á milli foreldra og stjórnenda innan þessa síðna? Hver ber ábyrgð á síðunum? Vekja má athygli á síðu Kelduskóla þar sem óprúttir aðilar hafa komist yfir aðgangsupplýsingar síðunnar og tekið hana yfir, hvað gerir Reykjavíkurborg í þeim tilfellum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, 21. ágúst sl. Á undirbúningsfundi borgarráðs þann 15. september sl. var ákveðið að afla einnig upplýsinga frá upplýsingadeild og leggja svar fram af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svar við fyrirspurn:

Í gildi er Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar þar komið inn á notkun samfélagsmiðla en ekki hefur verið gefni út samræmd samfélagsmiðlastefna eða sérstakar notkunarreglur vegna samfélagsmiðla. Upplýsingastefnan rennur út í lok þessa árs og er vinna við endurskoðun hennar að hefjast þar sem til stendur að fjalla um kafla um samfélagsmiðla og notkun þeirra.

Hvað varðar skóla- og frístundasvið sérstaklega þá hefur skóla- og frístundasvið gefið út leibeiningar um samskipti og miðlun upplýsinga í skóla- og frístundastarfi. Þar kemur m.a. fram að hvorki megi miðla myndum né öðrum persónugreinanlegum upplýsingum í gegnum samskiptamiðla á borð við Facebook.

Nálgast má þessar leiðbeiningar á eftirfarandi vefslóð:  
<https://reykjavik.is/myndatokur-og-myndbirtingar-i-skola-og-fristundastarfi-reykjavikurborgar>

Allmargir skólar Reykjavíkur eru með síðu á Facebook og eru þær misvirkar, sumar jafnvel óuppfærðar frá árinu 2015, aðrar frá árinu 2019 þegar hert var á persónuverndarlögum. Þetta eru allt svokallaðar like-síður þar sem ekkert persónugreinanlegt efni né nöfn nemenda er að finna. Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar og stjórnendur eigi í samskiptum á síðunum.

Rétt er að óprúttir aðilar komust inn á Facebook-síðu Kelduskóla í fyrravetur og hefur hún verið tekin úr notkun. Einnig hefur stjórnendum Facebook verið send beiðni um að þeirri síðu verði lokað en engin virkni er á henni. Facebook-síða Kelduskóla var eingöngu tilkynningasíða án mynda af nemendum eða öðrum persónugreinanlegum upplýsingum.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari